

TÓNLISTARSKÓLINN SKÓLANÁMSKRÁ

Formáli

Hlutverk þessa kvers er að lýsa starfsemi Tónlistarskóla Stykkishólms, skipulagi hans og tilhögun náms og kennslu. Skv. Aðalnámskrá tónlistarskólanna frá Menntamálaráðuneytinu sem tók gildi 31. maí 2000 er skólanámskrá tónlistarskóla ætlað að stuðla að árangursríku skólastarfi með því að veita upplýsingar og yfirsýn, auðvelda endurmat áætlana og tryggja sem farsælast tónlistaruppeldi.

Skólanámskráin er unnin af skólastjóra og yfirfarin af kennurum skólans og skólanefnd. Hún er ætluð kennurum og nemendum Tónlistarskóla Stykkishólms, foreldrum/forráðamönnum og rekstraraðilum, einnig öllum öðrum sem hafa áhuga á starfsemi skólans.

Um skólann

Tónlistarskóli Stykkishólms var stofnaður árið 1964. Fyrsti skólastjóri var Víkingur Jóhannsson, síðan hafa Arne Björhei 1978-1980, Daði Þór Einarsson 1981-2000, Ingibjörg Þorsteinsdóttir 2000-2002 og Sigrún Jónsdóttir 2002-2004 stýrt skólanum. Hafsteinn Sigurðsson stjórnaði skólanum 2002-2003 og 2004-2005 í veikindaforföllum, en Jóhanna Guðmundsdóttir tók við stjórnun skólans haustið 2005.

Kennarar auk skólastjóra fylla nú tæp 6 starfshlutföll, og eru nemendur u.þ.b. eitt hundrað. Tónlistarskólinn er rekinn af Stykkishólmsbæ, en nemendur greiða skólagjöld. Bæjarstjórn skipar þriggja manna skólanefnd og þrjá til vara.

Skólinn er til húsa í gamla barnaskólanum við Skólastíg og hefur þar skrifstofu, kennslustofur og ágætan sal til kennslu, æfinga og tónleikahalds. Byggingu nýs skólahúsnæðis hefur verið frestað um sinn, en til stendur að skólinn verði í framtíðinni undir sama þaki og grunnskólinn. Mun nýja húsnæðið m.a. auka möguleika fyrir nemendur á samfelldum skóladegi.

Hlutverk og markmið tónlistarskóla

Í aðalnámskrá segir: *Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öfluglu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg.*

Hlutverk tónlistarskóla er að:

- *stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar,*
- *búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur,*
- *búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi,*
- *stuðla að auknu tónlistarlífi.*

Meginmarkmið tónlistarskóla skiptast í þrjá flokka: uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið.

Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi.

Námsskipan

Í Tónlistarskóla Stykkishólms er kennt á eftirfarandi hljóðfæri: píanó, blokkflautur, klassískan gítar, rafgítar, rafbassa, harmoníku, tréblásturshljóðfæri (þ.e. þverflautu, altflautu, klarinett og saxofón) og málmblásturshljóðfæri (þ.e. kornett, trompet, básúnu, althorn, franskt horn,

baritonhorn og túbu) ásamt trommum og öðrum ásláttarhljóðfærum lúðrasveitar. Einnig er kenndur einsöngur við skólann.

Nemendur í fullu námi fá yfirleitt einkakennslu 1 klst á viku, sem oftast skiptist niður í tvær 30 mínútna kennslustundir.

Á blásturshljóðfæri og slagverk (trommur o.sl.) er kennt í einkatímum og samleik (lúðrasveit). Þegar nemendur hafa náð valdi á grunnþáttum hljóðfæraleiksins ganga þeir til liðs við lúðrasveitina, fyrst þá litlu, en þegar færni eykst fara þeir í þá stóru og fá þar nauðsynlega viðbót við námið.

Píanó, harmonika, klassískur gítar, rafgítar, rafbassi: Námið fer fram í einkatímum. Reynt er að koma á samspili í þeirra hópi eftir föngum.

Söngkennslan miðast við nemendur eldri en sextán ára. Söngnemendur sækja einkatíma og undirleikstíma. Reynd hefur verið sú nýbreytni að kenna 14-16 ára unglingum í sérstakri unglingadeild söngdeildar, þar sem kennsla fer fram bæði í einka- og hóptímum.

Tónfræðagreinarnar tónfræði, tónheyrn og tónlistarsaga eru skyldugreinar skv. aðalnámskrá og stefnan sú að kenna þær á grunnstigi sem eina námsgrein. Leitast er við að nemendur ljúki samsvarandi stigum í tónfræðagreinum jafnhliða áfangaprófum á hljóðfærin sín. Ætlunin er að með tímanum læri nemendur sem eru lengra komnir í tónfræði meira um tónlistarforrit og tónlist í tölvum. Nemendur utan skólans geta sótt tíma í tónfræðum og greiða fyrir það gjald sem ákveðið er um leið og önnur skólagjöld.

Í Stykkishólmi hefur starfað öflug lúðrasveit áratugum saman, en hún var stofnuð árið 1944. Lúðrasveitin hefur átt sinn þátt í að skapa þann menningarbrag sem hefur einkennt bæinn á hátíðarstundum. Lúðrasveitin hefur einnig gefið bæjarbúum fleira, þar eð samleikur er veigamikill þáttur í tónlistaruppeldi nemenda. „*Samleikur hefur ótvírætt félagslegt gildi, eflir samkennd og tillitssemi, þroskar eiginleika til samskipta og samstarfs. Tónlistariðkun í hópstarfi og ánægja af slíku samstarfi er jafnframt hvatning fyrir hvern og einn til framfara í tónlistarnáminu.*“ (Aðalnámskrá bls. 29)

Þættir í hljóðfæranámi eru margbreytilegir og eru þessir helstir:

- Tónverk, nemandinn læri fjölbreytt og skemmtileg lög við sitt hæfi
- Æfingar sem stuðla að hljóðfæratækni og túlkun
- Tónstigar og hljómar þjálfar m.a. tækni, tónmyndun, inntónun og tónsvið
- Utanaðbókarnám; nemendur læri nokkur af verkefnum sínum utanbókar
- Óundirbúinn nótnalestur
- Skapandi starf, s.s. tónsmíðar, spuni, snarstefjun, samleikur
- Leikur eftir eyra
- Hluti af tónlistarnáminu er að koma fram á tónleikum

Samskiptabók: Nemendur komi með glósubók í hljóðfæratíma þar sem kennarinn skráir heimaverkefni og árangur tímanna, einnig ýmsar orðsendingar. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með námi og heimavinnu barna sinna með þessum bókum. Þær gagnast líka til að senda kennurum orðsendingar þegar á þarf að halda. Sumir kennarar skrifa þó heimaverkefni í kennslubækurnar sjálfar.

Innritun og skólagjöld

Innritun nýrra nemenda í Tónlistarskóla Stykkishólms fer fram í maí og júní, eldri nemendur skila endurumsóknum einnig að vori til að tryggja sér áframhaldandi skólavist. Laus skólapláss eru síðan auglýst síðsumars.

Skólagjöld:

Skólagjöld næsta skólaárs eru jafnan ákvörðuð á vorin og eru þá auglýst á heimasíðu skólans. Er þau yfirleitt látin fylgja þróun vísitölunnar.

Fullorðnir nemendur greiða hærri skólagjöld en börn og eru skólagjöldin flokkuð í eftirfarandi flokka:

Nemendur 19 ára og yngri:

- Hljóðfæranám (60 mín. á viku)
- Hóptímar á blokkflautu - forskóli
- Söngnám á grunnstigi (60 mín. + undirleikur <15 mín.)
- Söngnám á mið- og framhaldsstigi (60 mín. + 30 mín. undirleikur)
- Nám í unglingsdeild söngdeildar (14-16 ára)
- Aukahljóðfæri (30 mín.)
- Tónfræði (hóptímar)

Fullorðnir nemendur (20 ára og eldri):

- Hljóðfæranám (60 mín.)
- Söngnám á grunnstigi (60 mín. + undirleikur <15 mín.)
- Söngnám á mið- og framhaldsstigi (60 mín. + 30 mín. undirleikur)
- Aukahljóðfæri (30 mín.)
- Tónfræði (hóptímar)

Hljóðfæraleiga:

Gjald fyrir hljóðfæraleigu er einnig endurskoðað árlega og er innheimt með skólagjöldum.

Fyrir hálf tónnám eingöngu greiðist 66,7% af fullu námi.

Fjölskylduafsláttur:

1. nemandi greiðir fullt gjald (sá sem er með hæsta samanlagða grunngjaldið)
2. nemandi 20% afsláttur
3. nemandi 40% afsláttur
4. nemandi 50% afsláttur
5. nemandi 50% afsláttur ... (þ.e. hámarks afsláttur er 50%)

Skólaárið skiptist í tvær annir, haust og vorönn. Þegar nemandi hefur fengið inngöngu í tónlistarskólann er lítið svo á að hann ætli að stunda námið allt skólaárið, þar sem því að greiða skólagjöld samkvæmt því þó hann hætti námi fyrr. Vilji nemandur breyta námshlutfallinu eða hætta námi eftir haustönn (um áramót) verða þeir að tilkynna skólustjóra það eigi síðar en 15. desember. Að öðrum kosti er reiknað með óbreyttri námstilhögun og er þ.a.l. skylt að greiða skólagjöld í samræmi við það. Ef í skólanum er biðlisti og þannig hægt að fylla sæti þess sem hætta, greiðir sá sem vill hætta skólagjöld fram að þeim tíma að nýr nemandi kemur í hans stað.

Skólagjöld greiðast í tvennu lagi, en unnt er að semja um 4 greiðslur fyrir veturinn ef ástæður greiðanda krefjast og verður það að gerast fyrir mánaðarmót okt.-nóv. ár hvert.

Próf og námsmat

Í Aðalnámskrá bls. 30 segir svo: *"Námsmat er öll viðleitni til að afla sem öruggastar vitneskju um árangur skólastarfs og hvernig nemendum hefur tekist að ná settum markmiðum. Megin tilgangur námsmats er að bæta nám og kennslu. Í því felst ekki síst að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja."*

Námsmat felst m.a. í áfangaprófum, stigsprófum, umsögnum kennara, vetrareinkunum og í vissum skilningi frammistöðu nemenda á tónleikum.

Með gildistöku nýju Aðalnámskrárinnar er tónlistarnámi nú skipt í þrjú megináfang, grunnstig, miðstig og framhaldsstig. Áður skiptist námið í 8 stig, en hverjum tónlistarskóla er í sjálfsveld sett hvort hann heldur áfram að styðjast við gömlu stigsprófin auk áfangaprófanna

og hyggst Tónlistarskóli Stykkishólms gera það. Nemendur taka því flestir próf í þessari röð: *G-1, G-2, **Grunnpróf**, M-4, **Miðpróf**, F-6 og svo **Framhaldspróf**.*

Menntamálaráðuneytið hefur einnig látið gera hljóðfæranámskrár samkvæmt námsskipan nýju aðalnámskrárinnar og eru þær flestar komnar út og eru aðgengilegar á internetinu m.a. á heimasíðu ráðuneytisins:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-listaskola/>

Í prófum skólans er vitnisburður gefinn í tölum. Notaður er 100 punkta kvarði með lágmarkseinkunn 60, auk skriflegrar umsagnar prófdómara.

Stigspróf/áfangapróf og tónfræðipróf fara fram að vori, en stundum einnig fyrir jól. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að sömu prófdómarar, skipaðir af sérstakri prófanefnd, dæmi öll áfangapróf allsstaðar á landinu. Ekki er skilyrði að fagkennarar dæmi áfangapróf fyrr en komið er á mið- og framhaldsstig. Allir nemendur fá umsögn kennara að vori.

Tekin hefur verið upp sú stefna að allir nemendur taki próf á hljóðfærin sín einu sinni á ári. Þeir sem ekki taka stigs- eða áfangapróf taka þá nokkurs konar stöðupróf á vorin sem, ásamt vortóneikum, mynda þá endapunkt á vetrarstarfið og lýsir árangri og framförum á starfsárinu.

Tónleikar og tónfundir

Gert er ráð fyrir að allir nemendur skólans komi fram á jólatónleikum og vortónleikum. Einnig heldur hver kennari einn tónfund fyrir sína nemendur á hvorri önn vetrarins. Dagur tónlistarskólanna er haldinn hátíðlegur í febrúar ár hvert og þá er gjarnan sá dagur notaður til tónleika og tónfunda. Flestir nemendur koma því fram u.þ.b. 4 sinnum á vetri. Einnig taka nemendur skólans þátt í ýmsum viðburðum, svo sem guðsþjónustum, aðventustundum, skólaskemmtunum o.fl.

Skólanum finnst æskilegt þegar nemandi er beðinn að spila utan skólans, s.s. í afmælum og fjölskylduboðum, að viðkomandi kennari sé með í ráðum. Oft hafa komið upp klaufaleg tilvik þar sem reynt hefur verið að láta óskyld hljóðfæri spila saman án þess að það hafi verið undirbúið í skólanum, en það er ekki sama hvernig hljóðfæri eru valin saman. *Því er mælt til þess að kennarar fái að aðstoða nemendur við að velja og undirbúa viðfangsefni í þessum tilfellum.*

Nemendur eru hvattir til að sækja almenna tónleika, helst ekki færri en tvö tónleika utan skólans á hverjum vetri.

Hljóðfæra- nótna- og hljómdiskasafn

Tónlistarskóli Stykkishólms á 3 flygla, 2 píanó, 2 rafmagnspíanó og allgott safn slagverkshljóðfæra. Einnig á skólinn nokkur hljóðfæri til útleigu, harmonikur, gítara og ýmis tré- og málmblásturshljóðfæri. **Nemendur sem hafa hljóðfæri frá skólanum bera ábyrgð á þeim meðan þau eru í þeirra vörslu.** Verði hljóðfæri fyrir óhappi í vörslu nemandi ber honum að sjá um kostnað við viðgerð á því. Mikilvægt er að fara vel með hljóðfærin.

Þau hljóðfæri sem skólinn leigir nemendum eru fyrst og fremst fyrir þá sem eru að hefja nám, en þegar frá líður þurfa nemendur að fá sér eigin hljóðfæri. Miðað er við að eftir 2ja ára nám kaupi nemendur sér hljóðfæri, nema um stærri blásturshljóðfæri sé að ræða, en þau er hægt að leigja lengur ef óskað er.

Píanónemendur (eins og aðrir nemendur skólans) þurfa að hafa aðgang að hljóðfæri heimafyrir. Í byrjun er hægt að notast við hljómborð með nótum í rétttri stærð, en skólinn mælist til þess að eftir 2ja ára nám fái píanónemendur píanó til að æfa sig á. Bent er á að nú fást nokkuð fullkomin rafmagnspíanó, sem tekin eru sem fullgild píanó allt upp í miðstig, en

Þau eru nokkuð ódýrari en venjuleg píanó. **Nauðsynlegt er að píanóin séu rétt stillt og þarf að stilla þau a.m.k. einu sinni á ári.**

Tónlistarskóli Stykkishólms á nokkurt nótnasafn og hefur hver kennari í sinni stofu þann hluta þess sem kennslugrein hans viðkemur. Kennarar leggja sjálfir til mikið af námsefni, en kennslubækur þurfa nemendur yfirleitt að kaupa sjálfir. Lúðrasveitin á allmikið safn og einnig er skólinn búinn að eignast fáeinar uppsláttarbækur og geisladiska til afnota fyrir nemendur og kennara.

Foreldraviðtöl

Ekki eru skipulögð sérstök foreldraviðtöl en foreldrar eru eindregið beðnir um að hafa samband við kennara og skólustjóra ef upp koma vandamál eða einhver mál sem gott er að ræða. Eins eru foreldrar hvattir til að koma með börnum sínum í tíma að minnsta kosti einu sinni á önn og að sjálfsögðu að fylgja þeim á tónfundi.

Símanúmer og netföng kennara og skólustjóra má m.a. finna á heimasíðunni.

Nokkrar skólareglur

1. Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
2. Veikindaförföll þarf að tilkynna með eins miklum fyrirvara og unnt er. Þurfi kennari að fella niður tíma ber honum að bæta hann upp, nema um veikindi sé að ræða og atvik í skólastarfinu, t.d. tónleika eða próf.
3. Þegar nemendur koma fram á tónleikum er ætlast til að þeir séu snyrtilegir til fara. Nemendur sýni hvor öðrum tillitsemi með því að sitja hljóðir og hlusta.
4. Séu nemendur beðnir um að flytja tónlist opinberlega er nauðsynlegt að það sé með vitund og samþykki viðkomandi kennara, sem fúslega mun aðstoða við undirbúning og val verkefna.
5. Nemendum og kennurum ber að ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og fara vel með hljóðfæri og önnur námsgögn.
6. Reykingar eru ekki leyfðar í húsnæði Tónlistarskóla Stykkishólms.

Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólum:

(úr aðalnámskrá)

- *Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og að þeir fylgist með framvindu þess.*
- *Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissra æfinga verður árangur rýr.*
- *Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða fyrir sem minnstri truflun og hafa ekki á tilfinningunni að þeir trufla aðra.*
- *Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatímann.*
- *Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur.*
- *Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt og ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.*
- *Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.*
- *Hlustun er afar mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar/forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja nemendur til að hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður og*

með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefast, bæði innan tónlistarskólans og utan.